




Reykjavík, 4. september 2025
USK25070205

Frostaskjól 2 – Byggingarleyfisumsókn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. ágúst 2025 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. ágúst 2025 þar sem tilkynnt um framkvæmd sem felst í að byggja léttu timburbyggingu ofaná núverandi tæknirými á lóð nr. 2 við Frostaskjól.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Gildandi deiliskipulag, samþykkt 2022

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Frostaskjól 2 borgarhluta 1 Vesturbæ og er hluti af opnu svæði OP29, íþróttasvæði innan hverfa.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir íþróttasvæði KR, samþykkt í borgarráði 28. janúar 2003, ásamt síðari breytingum.

Umsögn


Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að bæta við tæknirými/tengirými ofan á núverandi tengirými sem er á norðvesturhluta lóðarinnar. Núverandi tæknirými er grafið niður og er 24 m² að flatarmáli. Óskað er eftir því að fá að byggja ofan á það léttu timburbyggingu sem yrði 25,3 m² að flatarmáli.

Í deiliskipulagi frá árinu 2003 var gert ráð fyrir umræddri tengibyggingu og mögulegri stækkun en byggingarreiturinn (I-reitur) heimilaði tengibyggingu sem gat verið allt að 65 m² að flatarmáli og hámarkshæð þakkóta var 5 m.

Í deiliskipulagsbreytingu sem samþykkt var í borgarráði þann 30. júní 2022 var umræddur reitur felldur niður og því er ekki heimild fyrir því að stækka umrætt tæknirými/tengirými.



Reykjavík



Mynd 1. Þeir reitir sem felldir voru út í deiliskipulagsbreytingu sem samþykkt var árið 2022.

Ekki er hægt að fallast á erindið þar sem það samræmist ekki deiliskipulagi.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna breytingu á deiliskipulagi til þess að koma umræddu tæknirými/tengirými fyrir.

Niðurstaða

- Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við erindið þar sem það samræmist ekki skipulagi.
- Sækja þarf um breytingu á deiliskipulagi til þess að koma umræddu tæknirými/tengirými fyrir.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri



Reykjavík